124 8. nóv. með lagagildi fært hinar lögskipuðu kirkjubækur, ber að leggja fyrir búendur þá í Hólmaprestakalli, er hafa sagt sig út úr þjóðkirkjunni og eigi láta þjóðkirkjupresta skíra börn sín, að gefa sóknarpresti tilkynningu um fæðingardag þeirra og heiti.

125 8. nóv. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um frumvarp alþingis til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.** — Með þóknanlegu brjefi frá 24. sept þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra, sem samþykkt var á síðasta alþingi; en frumvarp þetta kom fram af þingmanna hálfu. Þjer hafið skýrt frá því, að þjer, sökum þeirrar mikilvægu niðurfærslu á eptirlaununum og aðalbreytinga þeirra á reglunum fyrir veitingu eptirlauna, er frumvarpið fer fram á, hafið í báðum deildum alþingis mælt í móti, að frumvarp þetta yrði samþykkt, enda varð það í efri deild að eins með eins atkvæðis mun, og hafið þjer samkvæmt þessu ráðið frá því, að ráðgjafinn leitaði staðfestingar konungs á nefndu lagafrumvarpi.

Ráðgjafinn hefur heldur eigi getað álitið, að lagafrumvarp þetta ætti að verða að lögum. Einkum verður hann að álíta, að eptirlaun þau, er ákveðin eru í frumvarpinu handa embættismönnum, og sem eru miklum mun lægri en eptirlaun eptir nú gildandi lögum, sjeu með öllu ónóg til þess, að hlutaðeigendur jafnvel að eins geti dregið fram lífið, og þar eð nú fjárhagur landsins eigi virðist vera svo bágborinn, að ástæða sje til að gjöra slíka aðalbreytingu á eptirlaununum, sem frumvarpið fer fram á, og eptirlaunareglur þær, er frumvarpið ákveður, yfir höfuð verða að álítast mjög óhaganlegar, var hans hátign konunginum ráðið til þess, þegar ráðgjafinn kom fram með allraþegnsamlegasta tillögu sína um málið, að neita að staðfesta lagafrumvarpið, og hefur honum í dag allramildilegast þóknast að fallast á þá tillögu.

Þetta er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

126 8. nóv. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um ferðaáætlun póstgufuskipanna.** — Eptir að hafa meðtekið frá yður, herra landshöfðingi, þóknanlegt brjef yðar frá 14. sept. þ. á., ásamt ályktun, er samþykkt var á alþingi um tilhögun á ferðum póstgufuskipanna, skrifaði ráðgjafinn hinu sameinaða gufuskipafjelagi og mæltist til þess, að það yrði við óskum alþingis að svo miklu leyti sem auðið væri.

En eins og meðfylgjandi eptirrit af brjefi fjelagsins[1] með sjer ber, hefur það eigi

---

1) **Hið sameinaða gufuskipafjelag.**

Kaupmannahöfn, 31. okt. 1883.

Í tilefni af þóknanlegu brjefi hins háa stjórnarráðs frá 27. þ. m., og fylgiskjölum þeim, er því fylgdu, leyfum vjer oss að geta þess, er nú skal greina:

1. Af nýjum viðkomustöðvum, sem settar hafa verið á ferðaáætlun þá fyrir 1884, er stjórnarráðið sendi oss og sem eru:

Hornafjarðarós,
Þorlákshöfn,
Borðeyri og
Reykjarfjörður